# Bréf frá Gústafi Pálssyni

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin – Gústaf Pálsson, bréf 4. desember 1932

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dresden A. 24 4. desember 1932.
Bayreutherstrasse 37 III

Kæri vinur.

Það er langt síðan jeg hef haft í hyggju að skrifa þjer og læt nú loks verða af því með síðustu ferðinni á þessu ári.

Því miður er jeg ekki fær um að skrifa þjer um það, sem mundi sennilega hafa mesta Interessen fyrir þig, því jeg hygg víst að þú mundir vilja heyra um þá strauma sem eru að brjótast um í þýskum stjórnmálum og afleiðingar þeirra. Að vísu les jeg blöðin, en á þeim er oft erfitt að átta sig og oft er það sannast að skýrast, sem maður les um Þýskaland í íslenskum blöðum. Hjer er alt í óreiðu með stjórnarmyndun og slíkt og margir halda því fram að eftir 3-4 mánuði verði Hitler orðinn kanslari en aðrir halda því fram að hans saga sje búin að ýmsu leiti. Persónulega er jeg eiginlega skoðanalaus í málinu, stundum finst mjer leggja nær að halda að hann sje einhver „toppfígúra" sem fýkur upp úr öllu og fellur svo máttlaus niður.

Eftir á málin eru ýmsir drættir í gjörðum hans, sem alveg mæla á móti rjettmæti slíkra ályktana þó ef til vill mætti rekja uppruna þeirra gjörða til þeirra manna, sem standa á bak við hann. Nú er v. Schleicher þessi maður sem svo mikið hefir verið talað um að væri svo slæmur maður að koma fram í dagsljósið og verður fróðlegt að vita hvernig hann reynist.

Hjer í Dresden hef fátt til tíðinda. Þrír landar hafa verið í hópnum, komu tveir frá Darmstadt þeir bræður B. Pálsson og Árni Þ. Snævarr og lesa það sama og jeg. Þeir eru búnir með fyrrihlutann og erum við því komnir álíka langt og vinnum saman og höfum talsvert af sömu uppgjöfum.

Síðan jeg hætti við prófið sem getið [illegible] tel eitt fag eftir – hef jeg unnið talsvert minna og samtímis kynnst Þjóðverjum stúdentunum meir en nokkurn tíma áður. Góður Þjóðverji vinur minn Barón að nafnbót og einn af bestu „Motorradfahrer" Þýskalands – skrítin samsetning – og vinur lítill hefir tekið mig með í „Studentenexposition" sem hann er í. Eins og þú veist eru þessi „Burschenschaft" venju lokuð fyrir útlendinga en hann vill fá mig til að ganga í „klúbbinn" og eftir að jeg er búinn að vera gestur þeirra eitthvað hvísvar á „Kneipe"

leggja hinir allir að mjer líka, að koma til
þeirra í fjelagið og vilja gera undantekningu
með mig frá útlendingum sjer, með þeirri
ástæðu að jeg sje „hreinn Germani" og þarfi að
öllu í þeirra hóp. Hafa þeir boðið mjer ýmsa
trúnaði t.d. að kunnum sem jeg væri „aktívur"
mundi styttur til hefningar með tilliti til þess
hvað jeg er kominn langt með námið og jafnvel
gefið mjer í skyn að eftirmaðurinn væri fyrir mig
fjárhagslega væri sennilegt að fimtugur gamall
meðlimur mundi draga mig að landi. Fyrir
nokkru fekk jeg að heyra á „Mensur" sem eins
og þú veist er stranglega bannað og fer mjög svo
leynilega fram. Börðust þeir þar af allmiklu
kappi og flaut talsvert mikið blóð, enn er
þeir svo mikið varðir að þeir geta varla særst
hættulega en þó hef jeg heyrt að einn af þeim
sem jeg sá berjast (kýju „Parti" í alt) muni fá stífan
fingur og jafnvel geti komið til mála að hann
missi hendina. Mjer þótti fróðlegt að sjá þetta
þó ekki væri nema að því er talsvert kontakt-
spor að sengja lengur mig hálfkominn að ganga
í „Verein" ekki til þess að læra að skilmast og
drekka bjór! heldur til þess að fá samkomulag útlendinga

um þýskaland, sem geta komið mjer að miklu gagni síðar í lífinu. Jeg hef þegar haft svolítið gott af viðkynningunni við þessa menn og kynst málsmetandi mönnum hjer í Dresden. Sennilega verður þó ekki neitt úr þessu því það mundi taka talsverðan tíma og hafa nokkurn kostnað í för með sjer og verða viðskila af bókunum og þætti mjer til saka ef jeg lyki ekki náminu á skemsta tíma sem hægt er.

Jeg þarf náttúrlega ekki að taka það fram að jeg lifi mjög svo skikkanlega og fer lítið út nema þegar jeg er boðinn. Hef verið boðinn á tvær vandalegar samkomur eða böll í síðasta mánuði annað haldið af „Frauenbund des deutschen Kolonialgesellschaft“ og hitt af kaupmönnunum í Dresden, en jeg hafði mig lítið frammi en þótti fróðlegt að sjá lífið meðal þessa fólks.

Einar Kristjánsson gerir það mjög gott og fær altaf hrós, en á erfitt uppdráttar á þessum tímum þegar alt snýst um Nationalismus og kvartar gegn útlendingunum, mundi annars vera búinn að fá fasta stöðu fyrir löngu og hafa ýmsir málsmetandi menn á sviði Óperunnar látið í ljósi hvernig því mundi tekið ef þeir rjeðu honum til sín, en hafa ekki enn sem komið er sjeð sjer fært að bjóða þeim aukið tryggingu sem hlýst af því. Þegar jeg segi þjer að þetta er 10. brjefið sem jeg skrifa núna á tveim dögum veist þú að þú fyrirgefur hvað innihaldið er „punkt“ og enda með því að óska þjer Gleðilegra jóla og góðs nýjárs með þökk fyrir það gamla. Altaf bless þinn einl. Gústaf Pálsson